

Hvaða bækur hafa fylgt þér lengst,
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?

Gluggi yfir í annan heim

Ég hef alltaf verið bókaormur. Þegar ég var barn fór mamma með mig á bókasafnið, þar sem ég man eftir að hafa eytt löngum stundum í barnadeildinni, að fá lánaðar hinar og þessar bækur og prófa mig áfram. Ég gleypiti í mig Enid Blyton, Þorgrím Þráinsson og allt þar á milli.




Það er kannski þetta sem veldur því að ég er enn í dag hálfgerð alæta á bækur. Þær geta þjónað mismunandi hlutverkum, sumar bækur les ég aðallega til að gleyma mér, aðrar les ég hægt, nýt þess að velta mér uppúr þeim. Enn aðrar geta vakið hjá manni forvitni, kennt manni eitthvað nýtt eða endurvakið eitthvað sem maður hafði gleymt.

Ég les enn talsvert mér til yndis, stofnaði bókaklúbb á mínum vinnustað og bókaskiptimarkað. Allt að sjálfsögðu af einskærri sjálfsægðu, enda ég sjálf sennilega sú sem hef mest gaman af. Ég reyni líka að smita syni mína af bókabakteriunni og fyrir jólin lásum við stórskemmtilega bókajóladagatalið um *Jólapakkid* eftir Kristínu yngri systur mína og Helgu móðursystur mína. Ég mæli eindregið með bókajóladagatali sem samveru á aðventunni.

Síðasta bók sem ég lauk við að lesa hafði mikil áhrif á mig, það var bókin *Being Mortal* eftir indversk-ameríska skurðlækninn Atul Gawande. Umfjöllunarefni bókarinnar er eitthvað sem á við okkur öll. Nefnilega sú staðreynd að við erum öll á sömu vegferð, við munum öll einhvern daginn kveðja þetta líf á einn hátt eða annan. Gawande bendir á mikilvægi upplifunar okkar af síðasta æviskeiðinu, hvað réttu spurningarnar

ar eru mikilvægar til að gefa okkur möguleika á að forgangsraða rétt. Sem heimilislæknir stend ég oft frammi fyrir þessum erfiðu spurningum, að hjálpa sjúklingum og aðstandendum að átta sig á því í hvað stefnir og hverju þau vilja forgangsraða á þeim tíma sem gefst. Ég mæli eindregið með lestri þessarar bókar við alla í klínísku starfi, en efni hennar á þó sannarlega ekki bara við heilbrigðisstarfsfólk.

Sumar bækur tek ég fram aftur og aftur og nýt þess að lesa í hvert sinn. Til þessa heyra ljóðabækurnar hennar Gerðar Kristnýjar. Nú síðast bókin *Urta* sem



fjallar um formóður Gerðar sem var 19 barna móðir og ljósmóðir á Ströndum. Þrátt fyrir kuldann og einangrunina er í ljóðum Gerðar er alltaf einhver hlýja sem skilar sér beint inn í sálina þegar maður þarf mest á því að halda.

Ég gæti talið upp ótal bækur sem hafa mótað mig, sem lifa með mér og sem hafa gefið mér nýtt sjónarhorn á lífið, en læt hér við sitja. Bækur eru gluggi yfir í annan heim. Nýtið tækifærið og gægist inn!



Þorbjörg Karlsdóttir
heimilislæknir

Ég skora á eiginmann minn, Jóhann Sigurjónsson, að skrifa næsta bókapistil.